



# 786 Slysatrigging sjómanna

skv. (samkvæmt) kjarasamningum Landssambands smábátaeigenda við stéttarfélag fiskimanna.

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 1. Almennir skilmálar.

- 1.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um vátryggingarsamninga nr.(númer) 30/2004.
- 1.2 Í vátryggingarskilmálum þessum eru hugtökin félagið (TM tryggingar hf.), vátryggingartaki og vátryggður notuð í sömu merkingu og í II. hluta laga um vátryggingarsamninga, sbr. (samanber) 62. gr. (grein) laganna.

### 2. Vátryggingarsvið.

- 2.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir eins og segir í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og skilmálum þessum.
- 2.2 Vátryggðir eru þeir sem ráðnir eru um borð hjá vátryggingartaka á báti þeim, sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun, og slysið hefur borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur um borð í bátnum eða vann í beinum tengslum við rekstur hans. Sé eigandi útgerðar meðal bátsverja og hann kys að vátrygging fyrir hann skuli ekki leiða til bóta samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993, sbr. 6. gr. skilmála þessara, skal þess getið sérstaklega í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 2.3 Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

### 3. Aldurstakmörk.

- 3.1 Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. um ákvörðun bóta þá vátryggir félagið ekki börn yngri en 15 ára gegn tímabundnum missi starfsorku eða tímabundnu atvinnutjóni og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

### 4. Aðrar takmarkanir á bótaskyldu.

- 4.1 Vátryggingin bætir ekki:
  - a. slys sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis, eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða,
  - b. slys vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, af völdum hryðjuverka,
  - c. hvers konar tjón, beint eða óbeint, sem rekja má til asbests.
- 4.2 Tryggingin tekur ekki til slysa sem verða í frítíma vátryggðs.
- 4.3 Valdi vátryggður vátryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi fer um ábyrgð félagsins eftir því sem segir í 89. og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga.

### 5. Ráðstafanir vegna slyss.

- 5.1 Slasaða ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.
- 5.2 Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, annars á annan hátt til bráðabirgða.
- 5.3 Látist vátryggður af slysförum, skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er.
- 5.4 Félagið hefur rétt til þess að láta fara fram krufningu á líki hins látna.
- 5.5 Þegar slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða vátryggðan, svo og afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar hans.
- 5.6 Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.



# 786 Slysátrygging sjómanna

skv. (samkvæmt) kjarasamningum Landssambands smábátæigenda við stéttarfélag fiskimanna.

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 6. Bætur samkvæmt skaðabótalögum.

- 6.1 Valdi slys vátryggðum líkamstjóni eða dauða skulu bætur ákvarðast eftir reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum leiði það til hærri heildarbóta en samkvæmt 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og nánar er mælt fyrir í 7. gr. í skilmálum þessum.
- 6.2 Eigi vátryggður rétt til bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysátryggingu ökumanns og eiganda skerðast bætur skv. 1. mgr. (málsgrein) sem því nemur.
- 6.3 Skaðabætur frá bótaskyldum þriðja aðila og/eða úr ábyrgðartryggingu hans koma til frádráttar bótum skv. 1. mgr.
- 6.4 Örorkumat, sem lagt er til grundvallar við ákvörðun bóta samkvæmt reglum skaðabótalaga, sbr. 1. mgr., skal framkvæmt af tveimur læknum eða lækni og lögfræðingi. Annar matsmanni skal tilnefndur af félaginu og hinn af vátryggðum eða umboðsmanni hans. Komist matsmenn ekki að sameiginlegri niðurstöðu skal dómstjórinn við Héraðsdóm Reykjavíkur fenginn til að tilnefna þriðja matsmanninn sem oddamann við matsgerðina og ræður þá niðurstaða meiri hluta matsmanna. Félagið greiðir kostnað við öflun matsgerðarinnar og nauðsynlegra gagna svo hana megi framkvæma. Tilhögun við framkvæmd matsgerðar samkvæmt framansögðu girðir ekki fyrir að aðilar óski álits örorkunefndar skv. fyrirmælum 10. gr. skaðabótalaga eða leggi ágreining fyrir dómstóla.

### 7. Bætur samkvæmt 172. gr. laga nr. 34/1985.

- 7.1 Valdi slys vátryggðum líkamstjóni eða dauða skulu bætur ákvarðast samkvæmt þessari grein, ef þær verða hærri en bætur samkvæmt skaðabótalögum, sbr. 6. gr. Vátryggður fær aldrei bætur bæði eftir 6. og 7. gr. vegna sama slyss. Við samanburð á bótarétti skv. (samkvæmt) 6. gr. og þessari gr. skulu mánaðarlegar dánarbætur til maka og barna, sem getið er í 2. mgr., reiknaðar til eingreiðsluverðmætis.
- 7.2 Valdi slys dauða vátryggðs innan þriggja ára frá því slysið varð greiddast dánarbætur sem í gildi voru á slysdegi skv. 1. tl. (tölulið) 2. mgr. 172. gr. laga nr. 34/1985 að frádragnum bótum fyrir varanlegt líkamstjón sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Ef hinn látni lætur hvorki eftir sig maka né börn skal greiða erfingjum samkvæmt 3. mgr. 100. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga helming dánarbóta sem ella hefðu verið greiddar einum einstaklingi skv. a.-lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr.
- 7.3 Valdi slys vátryggðum varanlegu líkamstjóni greiddast örorkubætur á grundvelli þeirra upphæða fyrir hvert örorkustig - miskastig - sem í gildi voru á slysdegi skv. b.-lið 2. tl. 2. mgr. 172. gr. Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örokumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.
- 7.4 Dagpeningar vegna tímabundinnar örorku greiddast samkvæmt því er segir í a.-lið 2. tl. 2. mgr. 172 gr.

### 8. Greiðsla bóta og vextir.

- 8.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta.
- 8.2 Um rétt vátryggðs til vaxta af bótum samkvæmt 6. gr. fer eftir ákvæðum 16. gr. skaðabótalaga og af bótum samkvæmt 7. gr. fer eftir ákvæðum 123. gr. vátryggingarsamningalaga.
- 8.3 Allar bætur úr vátryggingu þessari, hvort sem þær greiddast samkvæmt 6. gr. eða 7. gr., dragast frá skaðabótum frá útgerð.

### 9. Fyrning.

- 9.1 Kröfur sem falla undir vátryggingu þessa fyrnast samkvæmt ákvæðum laga um vátryggingarsamninga og eftir atvikum laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.



# 786 Slysáttrygging sjómanna

skv. (samkvæmt) kjarasamningum Landssambands smábátaeigenda við stéttarfélag fiskimanna.

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 10. Gildistími og uppsögn.

- 10.1 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist vátryggingin um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. 11.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé vátryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins.
- 10.2 Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar um reksturinn sem greinir í lokamálslið 1. mgr. getur vátryggingartaki ekki sagt vátryggingarsamningnum upp á vátryggingartímanum til að flytja vátrygginguna til annars félagsins.
- 10.3 Nú hefur vátryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og vátryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar vátryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja vátryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

### 11. Greiðsla iðgjalds.

- 11.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar vátryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 11.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur vátryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 11.3 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 11.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 11.5 Falli vátrygging niður skv. 2. mgr. skal vátryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 11.6 Vátrygging til skemmri tíma en árs endurnýjast ekki nema eftir umsókn.
- 11.7 Uppsögn skal vera skrifleg.
- 11.8 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

### 12. Áhættubreyting.

- 12.1 Vátryggður skal tilkynna félaginu um allar breytingar á báti eða útgerð hans sem valdið geta aukinni áhættu. Vanræki vátryggingartaki tilkynningarskyldu sína og verði tjón af völdum hinnar breyttu áhættu lækkar ábyrgð félagsins að tiltölu miðað við þá iðgjaldshækkun sem félagið hefði áskilið sér vegna áhættubreytingarinnar.

### 13. Svik og rangar upplýsingar.

- 13.1 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 83. gr. vátryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu enn fremur rétt til að segja vátryggingunni upp, sbr. 84. gr. laganna.
- 13.2 Veiti sá er hyggst krefja félagið bóta rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að



# 786 Slysátrygging sjómanna

skv. (samkvæmt) kjarasamningum Landssambands smábátæigenda við stéttarfélag fiskimanna.

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 120. gr. vátryggingarsamningalaga.

### 14. Leiðrétting iðgjalds.

- 14.1 Iðgjald sem ákveðið er í upphafi vátryggingartímabils og greitt er samkvæmt 11. gr. skal endurskoðað og leiðrétt í lok tímabilsins eins og nánar greinir í 2.-4. mgr.
- 14.2 Þegar iðgjald er ákveðið sem hlutfall af aflaverðmæti skips skal iðgjaldið leiðrétt til samræmis við aflaverðmæti skipsins á síðasta heila fiskveiðiarinu fyrir lok vátryggingartímabils, en með fiskveiðiarí er átt við tímabilið frá 1. september til 31. ágúst á næsta ári, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Leiðrétting iðgjalds samkvæmt þessari málsgrein skal gerð upp eigi síðar en 30 dögum eftir að vátryggingartímabili lýkur.
- 14.3 Til leiðréttingar á iðgjaldi skv. 2. mgr. er félaginu nauðsynlegt að fá staðfestar upplýsingar um aflaverðmæti skipsins á liðnu fiskveiðiarí. Heimilar vátryggingartaki því félaginu að afla þessara upplýsinga beint og milliliðalaust frá Fiskistofu eða eftir atvikum öðrum opinberum aðila sem varðveitir upplýsingarnar. Í heimild þessari felst samþykki vátryggingartaka í samræmi við 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 fyrir því að upplýsingunum sé miðlað til félagsins án frekari skilríkja.
- 14.4 Sé iðgjald byggt á föstu gjaldi skal vátryggingartaki, þegar vátryggingarárið er liði, leggja fram svo fljótt sem unnt er vottorð skráningarstjóra um lögskráningu eða ráðningu á skipið á vátryggingartímanum. Hann fær þá endurgreitt ef hann hefur greitt of há iðgjöld. Iðgjöld endurgreiðast ekki lengra aftur í tímann en frá tveimur síðustu vátryggingarárum. Endurgreiðslu skal félagið inna af hendi innan 30 daga eftir að því hefur borist nauðsynleg gögn til að ákveða fjárhæðina.

### 15. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 15.1 Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum skv. íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.
- 15.2 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 15.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af vátryggingunni á heimilisvarnarþingi vátryggingartaka.
- 15.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

## Skráning í tjonagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjonagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjonagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjonþola, tjonsnúmer, tegund vátryggingar og tjon, dagsetning tjon og skráningar, staðsetning tjon og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjon fær félagið yfirlit yfir öll tjon sem tjonþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjonagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjon og vinna að tjonauppgjöri hafa aðgang að tjonagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjonagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.